

Gary Dotson

Gary E. Dotson (f. 1957) bjó í úthverfi Chicagoborgar í Bandaríkjunum Norður-Ameríku (BNA) með móður og tveim systur. Hann var ístöðulaus og ómenntaður, hafði hrakist úr skóla sem unglingur. Árið 1979 urðu nánast hamfaraumskipti í lífi hans. Unglingsstúlka nokkur, Cathleen Mae Webb (f. 1961), sem bjó með fósturforeldrum sínum, snéri sér til lögreglu og sagði farir sínar ekki sléttar.

Frásögnin var á þá leið, að hún hefði verið á leið úr vinnu á skyndibitaðaði nokkrum, þegar tveir karlmenn veittust að henni, námu á brott og nauðguðu síðan í bifreið. Að hennar sögn reyndi annar þeirra að rita orð á maga hennar með brotinni bjórflösku. Eftir það var henni fleygt út úr bílnum.

Eftir sakbendingu var Gary handtekinn. Vitnisburður hennar, ásamt vísindalegum gögnum réttarblóðvökvafræðings (serology), sem við nánari athugun var svindlari, var undirstaðan að þungum dómi; aldarfjórðungi til hálftrar aldar í fangelsi. Gary var dæmdur fyrir alvarlegt mannrán og nauðgun.

Víkur nú sögu til ársins 1985. Cathleen hafi nú gifst og orðið kirkjurækin. Samviskan nagaði. Í samræði við sálusorgara sinn ákvað hún að játa á sig meinsæri og falska ákæru. Ástæðan var sú, að hún var hrædd um að vera ólétt, eftir ástarfundi með kærastanum. Í fyrstu var játningu hennar vísað frá. Dómari þótt fyrri framburður hennar trúverðugri, heldur en síðbúin játning um falska ákæru. Það gekk nú hvorki né rak, svo Cathleen leitaði á náðir fjölmiðla. Hún var nær samstundis fjölmiðlastjarna. Ríkisstjórnin mildaði dóminn yfir Gary í seks ár. Eftir mikið jaml og japl og fuður var Gary loks látinn endanlega laus, þegar niðurstöður nýrrar tegundar erfðaefnisprófa lá fyrir. Hann er reyndar fyrsti maðurinn í sögu BNA, sem er sýknaður á grundvelli DNA prófs.

Cathleen krabbaði endurminningar sínar undir titlinum: „Fyrirgefðu mér.“ Þar sagði hún m.a. annars frá illri aðbúð í æsku. Móðir hennar var geðsjúklingur og faðir hennar hafði treyst eldri kunningjum fyrir forsjá hennar. Þau reyndust ekki vandanum vaxin. Eins og títt er um stúlkur við svipaðar aðstæður, leitaði hún nálægðar og umhyggju í kynlífi frá tólf ára aldri.

Árið er 1988. Enn á Gary í vandræðum með réttvísina. Hann braut ítrekað skilyrði reynslulausna. Cathleen lést úr brjóstakrabba tæplega fimmtug að aldri og fjögurra barna móðir.

Ári síðar var Gary sýknaður. Þá hafði hann dúsað bak við lás og slá í áratug. Hann giftist síðar, skildi og eignaðist eitt barn.

<https://www.innocenceproject.org/cases/gary-dotson/> - facebook

- https://en.wikipedia.org/wiki/Gary_Dotson